

9. bekkur Glerárskóli

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áherslurættir í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla vefang:** www.mrn.stjr.is. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá.

Á unglingastigi í Glerárskóla er kennslan faggreinamiðuð. Skólasýn Glerárskóla, **hugur, hönd og heilbrigði** fléttast eftir föngum inn í kennsluna. Markvisst kemur þessi sýn fram í sameiginlegum viðburðum stigsins. Að hausti er farið í fjallgöngu, fótboltamót nemenda er haldið í Boganum, á þemadögum er skólasýnin höfð að leiðarljósi, farið er í skíðaferð ef unnt er, á árshátíð skólans bera nemendur á unglingastigi hita og þunga af undirbúningi og á vordögum eru útivistardagar þar sem nemendur koma að skipulagi.

Agastefna skólans er **Jákvæður agi** og fylgt er **Olweusaráætlun gegn einelti**. Haldnir eru bekkjarfundir en markmið með þeim er að móta og viðhalda bekkjaranda svo nám geti átt sér stað. Lagðar eru fyrir tengslakannanir í öllum bekkjum á unglingastigi að vori og hausti. **Námsmat:** Hæfniviðmið eru grundvöllur fyrir námsmati. Inn í hæfnikortum sem finna má á Mentor eru hæfniviðmið sem unnið er út frá. Hæfnikortin veita upplýsingar um stöðu nemenda og eru aðgengileg inni á svæði hvers nemanda á Mentor. Hæfnikort inniheldur þau viðmið sem á að meta fyrir hverja námsgrein fyrir sig á einum stað þannig að hæfnikort nemenda eru hæfniviðmið skólans.

Kennarinn skipuleggur kennslu út frá hæfniviðmiðum og metur hvar hver nemandi er staddur.

Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 9. bekk er 37. Valgreinar eru 6 stundir.

Tölurnar í svigunum segja til um fjölda kennslustunda á viku í viðkomandi námsgrein.

Umsjónarkennarar í 9. bekk eru: Karen Jóhannsdóttir og Sveinn Leó Bogason.

Kjarnagreinar

Íslenska (6)

Áfram er reynt að efla tök nemenda á íslenskunni á sem fjölbreyttastan hátt. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er íslenska ein heildstæð námsgrein sem á að fela í sér lestur og bókmenntaumuræðu, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun og stafsetningu auk málfræði.

Mikilvægt er að nemendur átti sig á því að góð þekking á móðurmálinu, eðli þess, sögu og sérkennum er nauðsynlegur þáttur í almennri grunnmenntun. Hér að neðan eru talin helstu áhersluatriði íslenskukennslunnar. Kennari setur upplýsingar um verkefnavinnu og vinnulag inn á Mentor. Mikilvægt er að hafa gott skipulag á námsgögnum og halda vel utan verkefni. Miðað er við að ritunarverkefni séu unnin á Google Classroom.

Lestur og bókmenntir:

- Nemendur þjálfist í að lesa margvíslega texta sér til skilnings, gagns og gamans og geri sér grein fyrir mikilvægi þess að viðhalda og þjálfra lestrarfærni.

- Nemendur geti lagt mat á texta og greint aðalatriði frá aukaatriðum.
- Nemendur lesi texta frá ólíkum tímum og átti sig á tengslum þeirra við sögu og menningu þjóðarinnar. Nemendur fái innsýn í fjölbreytileika íslenskra bókmennta, fornra og nýrra. Í 9. bekk er áhersla á smásögur, ljóð, goðsagnir, fornsögur og nútímaskáldsögur.
- Nemendur geti beitt helstu hugtökum sem notuð eru í umræðu um bókmenntir.

Helsta námsefni: Gísla saga Súrssonar, Æsir á fljúgandi ferð, Óðinn og bræður hans, Lífið í Ásgarði, Heil brú; sögur úr norrænni goðafræði og Neistar, auk efnis frá kennara.

Heimavinna: Lestur er mjög mikilvæg heimavinna og lögð er áhersla á heimalestur.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir íslensku. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem unnið er með í hverri lotu metin jafn óðum og matið birt á Mentor. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni, má t.d. nefna kannanir, ritunarverkefni, hópverkefni, sjálfsmat og framsögn og tjáningu. Í lok annar er annarpróf þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni.

Málfræði:

- Nemendur þekki beygingarleg og merkingarleg einkenni allra orðflokka og geri sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta. Sérstök áhersla á sagnorð og óbeygjanleg orð.
- Nemendur kunni skil á orðtökum og málsháttum og séu meðvitaðir um fjölbreytileika tungumálsins.
- Nemendur geti nýtt sér málfræðiupplýsingar í orðabókum og uppflettiritum.

Helsta námsefni: Málið í mark – sagnorð, Málið í mark – óbeygjanleg orð og Neistar.

Heimavinna: Málfræðiverkefni þarf stundum að vinna upp á eigin spýtur og ef nemendur ljúka ekki því lágmarksefni sem á að vinna í tímum.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir íslensku. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem unnið er með í hverri lotu metin jafn óðum og matið birt á Mentor. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni, má t.d. nefna kannanir, ritunarverkefni, hópverkefni, sjálfsmat og framsögn og tjáningu. Í lok annar er annarpróf þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni.

Stafsetning og ritun:

- Lögð er áhersla á réttritun og greinarmerkjasetningu.
- Nemendur þekki málsgreinar og efnisgreinar.
- Nemendur geti gert útdrátt úr texta.
- Nemendur skrifi mismunandi textategundir.
- Nemendur tileinki sér skipulögð vinnubrögð við ritgerðarsmíð og geti byggt upp texta í röklegu samhengi.
- Nemendur geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim á skipulagðan og læsilegan hátt.
- Lögð er áhersla á góðan og fjölbreyttan orðaforða við ritun.

Helsta námsefni: Týndi bekkurinn, Heimir; handbók um heimildarritun og Neistar

Heimavinna: Ritunarverkefni og undirbúningur vegna þeirra.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir íslensku. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem unnið er með í hverri lotu metin jafn óðum og matið birt á Mentor. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni, má t.d. nefna kannanir,

ritunarverkefni, hópverkefni, sjálfsmat og framsögn og tjáning. Í lok annar er annarpróf þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni.

Talað mál og hlustun: Fléttast inn í vinnu í lotum annarinnar og námsmat. Nemendur eru hvattir til þess að tjá sig og færa málefnaleg rök fyrir skoðunum sínum og þegar það á við að standa skil á vinnu sinni með munnlegum skilum.

Kennari: Fríða Pétursdóttir.

Stærðfræði (5)

Helstu áhersluatriði: Algebra, jöfnur og gröf, almenn brot, hlutföll, tölfræði, líkindi, fjármál og tíminn.

Helsta námsefni: Skali 2A og 2B. Átta- tíu 3 og 4 og **Almenn stærðfræði II** sem ítarefni.

Heimavinna: Heimavinna er ekki regluleg og nánast aldrei um helgar

Námsmat: Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir stærðfræði. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem unnið er með í hverri lotu metin jafn óðum. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni, má t.d. nefna talnareikning, mál og mælieiningar, rúmfræði og líkindareikning. Í lok annar er annarpróf þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni.

Kennari: Sveinn Leó Bogason.

Enska (4)

Helstu markmið:

- Að auka orðaforða og færni í töluðu máli bæði í samskiptum og frásögn
- Að gera nemendum fært að tileinka sér þann málfræðigrunn sem fyrir er og að þeir geti notað hann sem réttast í mæltu máli sem og skrifuðu.
- Færni í ritun á samfelldum texta æfð.
- Að nemendur geti fylgt fyrirmælum og leiðbeiningum á ensku.
- Að nemendur kunni að beita mismunandi aðferðum eftir eðli texta, töluðum eða skrifuðum t.d. leita eftir aðalatriðum eða smáatriðum.
- Að nemendur geti lesið léttlestrarbækur sem henta þeirra getu sér til ánægju og lærdóms.
- Að nemendur kunni að nota orðabækur.
- Að nemendur kynnist menningu og siðum enskumælandi þjóða.

Helsta námsefni: Verkefnavinna bæði í hóp og einstaklings verður grundvöllur vinnunnar í ensku. Lesnar verða tvær léttlestrarbækur en einnig verður unnið með blaðagreinar, tónlist og kvikmyndir.

Heimavinna: Lestur í námsbókum og glósur.

Skipulag kennslu: Nemendur vinna ýmist einstaklingslega, í pörum eða hópum. Áhersla er lögð á samvinnu og að nemendur hjálpist að og bæti þannig hvern annan upp. Mistök eru eðlilegur þáttur í tungumálanámi og meira atriði er að reyna en að gefast upp við að segja eða gera eitthvað vitlaust. Í anda nýrrar skólustefnu verður kennt úti þegar veður og aðstæður leyfa og þá lögð áherla á að stunda íþróttir og leiki „á ensku.“ Einnig verða lesnir textar sem tengjast heilsu og heilbrigði bæði í grunnlesefni og aukaefni með það í huga að nemendur læri þann orðaforða sem þarf til að geta tekið þátt í samræðum um slík efni.

Námsmat: Símat kennara, jafningjamat og sjálfsmat. Lestur og ritun, hlustun og talmál eru þau atriði sem horft er á við námsmat. Vinna nemenda heima og í kennslustundum er einnig metin. Kannanir eru teknar af og til auk prófs í lok anna.

Kennari: Karen Jóhannsdóttir.

Danska

Dönskunám í grunnskólum hefur því hlutverki að gegna að veita okkur aðgang að norrænu málsamfélagi og innsýn í norræna menningu.

Helstu áhersluatriði:

- Auka markvist við orðaforða nemenda.
- Nemendur geti skilið og myndað setningar, geti átt í einföldum samskiptum við aðra.
- Nemendur geti sagt frá sjálfum sér, persónulegum högum, áhugamálum og lífnaðaraháttum fólks.
- Nemendur geti leitað að upplýsingum og skilið megininntak lengri texta.
- Nemendur geti skrifað stuttan texta fyrirhafnalítið.
- Þekkja til siða og hefða í Danmörku.
- Byggt er ofan á þann málfræðigrunn sem nemendur hafa fyrir.
- Geti bjargað sér í algengum aðstæðum í verslunum, veitingastöðum og á ferðalögum.
- Geti skrifað einföld skilaboð í formi smáskilaboða, tölvupósta og fleira.

Helsta námsefni: Tak og Smil lesbók og vinnubækur A-B. Smil lesbók og vinnubækur og Tak lesbók og vinnubækur. Þáttaröð um Mille (10 þættir). Efnistöð grunnnámsefnis fellur vel að skólasýn s.s heilbrigðan lífsstíl. Walk the talk efnið yfirfært á dönsku. Samnorrænt verkefni og fundir online.

Námsmat: Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat þar sem einkunn er birt með hæfnieinkunn.

Gerð er námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytilegt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Greinandi mat er fyrst og fremst til að greina sértækan námsvanda. Leiðsagnamat er til að fylgjast með og sjá stöðu nemenda meðan á námi stendur þ.e. það ferli að afla upplýsinga um hvar nemandi er staddur í námi sínu og túlka þær. Leitast verður við að vera með fjölbreytt námsmat. Nemendur fá tækifæri til að vera með sjálfsmat og jafningjamat. Heimavinna nemenda og iðjusemi í kennslustundum er metin, munnlegt próf, stuttar kannanir ásamt annaprófum. Leitast verður við að vera með fjölbreytt námsmat. Nemendur fá tækifæri til að vera með sjálfsmat og jafningjamat. Heimavinna nemenda og iðjusemi í kennslustundum er metin og stuttar kannanir.

Kennari: Anna Guðrún Jóhannesdóttir.

Náttúrufræði (3)

Helstu áhersluatriði: Vísindaleg aðferð rifjuð upp ásamt skýrslugerð. Mælingar, varmaorka, rafmagn og segulmagn, hljóð og ljós. Frumur, melting og öndun, blóðrás, húðin og stoð- og hreyfikerfið, taugakerfið, kynfræðsla og forvarnir.

Námsefni: Orka, Mannslíkaminn, ýmsir bæklingar um kynfræðslu.

Heimavinna: Heimavinna felst að mestu í lestri í námsbók til að undirbúa næstu kennslustund og ljúka við verkefni sem ekki náðist að ljúka í skólanum.

Leiðir að markmiðum/kennsluaðferðir: Með samræðum, hópa- og paravinnu er lögð er áhersla á að þjálfa lykilhæfni nemenda með áherslu á samvinnu og sjálfstæði, ábyrgð og mat á eigin námi, gagnrýna hugsun auk færni í að afla sér fróðleiks og nýta sér upplýsingar af vef og úr bókum. Verklegar æfingar og hópastarf.

Námsmat: Öll vinna er metin m.t.t. hæfniviðmiða og lykilhæfni aðalnámskrár. Við matið er horft til vinnu við verkefnabækur, einstaklings- og hópa- og samvinnuverkefni, próf úr helstu hugtökum námsefnis og við umræður í kennslustundum. Allt námsmat er skráð í K3 og nemendur fylgjast með og kvitta fyrir stöðu verkefna í K3.

Kennari: Sigríður Víkingisdóttir.

Samfélagsfræði (3)

Helstu áhersluatriði:

- Nemendur þekki til atburðarásar seinni heimstyrjaldarinnar á Íslandi sem annars staðar.
- Nemendur átti sig á hvað ræður lífsskilyrðum fólks, lífsháttum og lífskjörum.
- Nemendur kynnist öðrum heimsálfum en Evrópu.
- Nemendur þekki eðli og fjölbreytileika hinna ýmsu trúarbragða í tengslum við umfjöllun um hin ýmsu lönd.

Helsta námsefni: *Styrjaldir og kreppa: saga tuttugustu aldar I. Um víða veröld: heimsálfurnar, Sögugáttin: „Blessað stríðið“.* Myndbönd, ítarefni á bókasafni, ferðabæklingar, fjölmiðlar og veraldarvefur.

Leiðir að markmiðum/ kennsluaðferðir: Verkefnavinna, hópvinna og umræður.

Heimavinna: Lestur í námsbókum, unnin verkefni.

Námsmat: Öll vinna er metin m.t.t. hæfniviðmiða og lykilhæfni aðalnámskrár. Við matið er horft til vinnu við verkefnabækur, einstaklings- og hópa- og samvinnuverkefni, próf úr helstu hugtökum námsefnis og við umræður í kennslustundum. Allt námsmat er skráð í mentor og nemendur fylgjast með og kvitta fyrir stöðu verkefna þar.

Kennari: Ragnar Logi Búason.

Jákvæður agi - Lífsleikni (1)

Helstu áhersluatriði: Unnið verður út frá uppeldisstefnu skólans: Jákvæður agi. Reynt verður að efla færni nemandans enn frekar til samskipta, tjáningar, sjálfsþekkingar og þess að færa rök fyrir máli sínu og setja sér markmið. Einnig verður athygli beint að því hvaða áhrif hver og einn geti haft á eigin aðstæður. Kynjaumræða, staða og hlutverk kynjanna og staðalmyndir. Umferðarfræðsla er hluti af lífsleikni. Kennslan byggist mikið á hópvinnu og umræðum í formi bekkjarfunda. Forvarnarverkefni eru einnig unnin í samstarfi við námsráðgjafa.

Helsta námsefni: Verkfæri úr Jákvæðum aga, Leið þín um lífið, siðfræði fyrir ungt fólk og ýmiss konar efni frá kennara. Samgöngustofa.is – fræðsla. Umferðarvefurinn. Umferd.is/kennarar. Umferd.is/nemendur.

Námsmat: Umsagnir í foreldraviðtölum um samskipti, virkni í verkefnum og umræðum.

Kennari: Umsjónarkennarar.

Umsjón (1)

Helstu áhersluatriði: Umsjónarkennarar í unglingabekkjum hafa sérstaka umsjónartíma fyrir sína bekki til að takast á við ýmis viðfangsefni sem eru ekki greinabundin. Unglingaspjallið er verkefni kennarar hafa unnið með nemendum. Í þessum tímum geta þeir einnig rætt mál sem upp koma og styrkt þar með félagslega heild bekkjarins. Í 9. bekk fara tímar vetrarins að

stórum hluta í að vinna að því að skipuleggja og undirbúa leikrit til sýningar á árshátíð skólans.

Markmið:

- að vinna að forvörnum gegn einelti.
- að styrkja samband nemenda við skólann, m.a. með því að efla tengsl þeirra innbyrðis og stuðla að gagnkvæmu trausti nemenda og umsjónarkennara.
- að styrkja sjálfsmynd nemenda, draga úr kvíða og öryggisleysi og bæta þar með líðan þeirra og námsárangur.
- að auka metnað nemenda með því að hjálpa þeim við að kynnst sjálfum sér og aðstoða þá við að ná þeim markmiðum sem þeir hafa sett sér.
- að stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með heildarhagsmuni nemenda í huga.
- Að efla og auka ábyrgð nemenda í skólastarfinu og að móta góðan skólabrag.

Kennari: Umsjónarkennarar.

Skólaíþróttir

Helstu áhersluatriði: Fjölbreytt þjálfun sem nær til alhliða heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina sem gera þá sem mest sjálfstæða við eigin þjálfun. Þjálfar nemenda í að setja sér eigin markmið, skýra þjálfunaraðferðir og mæla eigin afkastagetu.

Leiðir: Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar þolæfingar, styrktaræfingar, liðleikaæfingar, boltaleiki sem og leiki. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í íþróttum verða foreldrar/forráðamenn að senda tölvupóst á netfang íþróttakennara þar sem ástæður forfalla koma fram, annars er um fjarvist að ræða. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum.

Námsgögn: Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmiðin sem merkt er við á Mentor eru unnin uppúr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennari: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason.

Skólasund

Helstu áhersluatriði: Fjölbreyttir sundtímar þar sem vatnið er notað til alhliða heilsuræktar og kynna aðferðir sundþjálfunar. Aukið vægi björgunar í vatni, troða marvaða, bjarga félaga upp á bakka og björgunarsund með félaga.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmiðin sem merkt er við á Mentor eru unnin uppúr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennari: Páll Viðar Gíslason

Myndmennt

Helstu áhersluatriði: Áhersla er lögð á að þjálf huga og hönd til skapandi starfs.

Nemandinn setji fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt, byggji eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu. Hann hagnýti þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði. Hann nýti sér í eigin sköpun grunnþætti myndlistar, einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði, myndbyggingu og áferðarmótun. Hann hafi öðlast nokkra hæfni í að beita þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt, velji á milli mismunandi aðferða og miðla við útfærslu eigin hugmynda. Gerir tilraunir, tekur áhættu og lærir af eigin mistökum. Sýnir og útskýrir vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að lokaverki. Gerir grein fyrir ýmsum stefnum myndlista í gegnum tíðina. Geri á einfaldan hátt grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlista og hönnunar í samfélaginu. Eflir eigin þekkingu á listum og skilgreinir aðkomu sína að menningu samfélagsins. Hann vinnur sjálfstætt að viðfangsefninu og tekur jafnframt þátt í ýmsum samstarfsverkefnum. Áhersla er lögð á að nemandinn verði meðvitaður og ábyrgur í eigin framgöngu og geri grein fyrir hugmyndum sínum um vönduð vinnubrögð. Hann stundi nám sitt og gangi um umhverfi sitt á ábyrgan hátt, þjálf sig og agi fyrir frekara nám og þátttöku á atvinnumarkaði. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti, góða umgengni um efni og áhöld og frágang á vinnusvæði.

Námsefni og kennslugögn: Stuðst er við námsefni og kennslugögn frá kennara sem byggð eru á faglegum grunni, m.a. um hugmyndavinnu, úrvinnslu hugmynda, skapandi starf. Leitað er fanga í ýmsum bókum og vefsíðum um myndlist og kennslufræði myndlista, listastefnur, listamenn og tæknilega vinnu. Ennfremur leitað fanga á vef Námsgagnastofnunar þar sem það á við. Námsefni og kennslugögn eru sem mest aðlöguð að nemendum og gerðar kröfur í samræmi við aðstæður hverju sinni. Reynt er að taka mið af áhugasviði hvers og eins til að gera námið áhugaverðara.

Helstu kennsluáðferðir: Stuttir fyrirlestrar og kynning við upphaf nýrra verkefna, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, verklegar æfingar, samvinna og umræður.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Námsmatið er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem greind hafa verið í námsviðmið í þeim tilgangi að gera þau skilvirkari við mat tiltekinnar hæfni hjá nemendum. Einnig er að einhverju leyti tekið mið af afrakstri vinnunnar og sjálfsmati nemenda. Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu. Hæfniviðmið aðalnámskrár eru grunnur að námsmati og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor. Þau hæfniviðmið eru um leið hæfniviðmið skólans.

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Heimilisfræði

Markmið: Fá þjálfun í að matreiða fjölbreyttan og góðan hversdagamat.

- Geti beitt helstu matreiðsluáðferðum á sjálfstæðan hátt (suða, steiking, bakstur) og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld.
- Hafi tileinkað sér góða vinnutækni og rétta líkamsbeitingu.
- Þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum og geti nýtt sér þá tækni sem námsgreinin býr yfir
- Þjálfist í að vinna með öðrum og sýnt öðrum virðingu.
- Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á sínu vinnusvæði
- Verði læs á umbúðamerkingar matvæla og viti að aukefni eru stundum notuð í matvæli.
- Rifji upp geymsluáðferðir matvæla og kunni skil á skaðsemi mismunandi örvera.
- Þekki helstu næringarefni fæðunnar og hlutverk þeirra og sjúkdóma sem stafa af röngu mataræði
- Kunni skil á allri flokkun sem kemur frá eldhúsi og sé meðvitaður um umhverfisvernd.

- Geti sagt frá og matbúið ýmsa þjóðarrétti.

Skipulag kennslu/kennsluaðferðir: Útlistunarkennsla, sýnikennsla, hópavinna, samvinnunám, einstaklingskennsla. Nemendur vinna 2-3 saman í hóp og þurfa að vinna sameiginlega að ákveðnum verkefnum þar sem allir eiga að taka virkan þátt. Leitast er við að hafa hráefnisval og verkefni fjölbreytt. Útikennsla fer fram í maí og september og er þá aðallega notast við útigrill.

Námsefni/ kennslugögn: Næring og lífshættir-unnin verkefni upp úr bókinni, ljósrituð gögn frá kennara, hefti og uppskriftir, matreiðslubækur og blöð..

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá í heimilisfræði og sameiginlegum hæfniviðmiðum fyrir list og verkgreinar og metið samkvæmt því. Leiðsagnarmat fer fram alla önnina sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan á námi stendur.

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir

Hönnun og smíðar

Hæfniviðmið

- Valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra,
- Sagt frá mikil vægi verkþekkingar í nútíma samfélagi
- Útskýrt hugmyndir sínar frihendis- og með grunnteikningu,
- Unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað,
- Framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skráfun,
- Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.
- Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval,
- Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra,
- Beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.

Kennsluhættir:

Innlögn, sýnikennsla, verklegar æfingar.

Námsmat:

Byggt er á leiðsagnarmati þar sem skoðað er hver nemandinn er staddur í námi sínu, hvert hann stefnir og þá hvernig best sé að standa að þeim aðgerðum út frá þeim hæfniviðmiðum sem eru lögð til grundvallar. Þetta stuðlar að sjálfstæði nemenda og eflir skilning á markmiðum.

Kennari : Ólafur Viðar Huaksson.

Textílmennt

Helstu áhersluatriði: Nemendur vinni eftir leiðbeiningum frá kennara. Þeir fá innsýn í efni og áhöld sem notuð eru í greininni. Þeir tileinki sér hugtök og undirstöðu atriði textílgreinarinnar. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Verkefnin byggjast á sjálfstæðri vinnu nemenda á grundvelli fyrra náms og áhersla er lögð á persónulegar útfærslur á verkefnum.

Kennsluhættir: Námið er miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum greinarinnar. Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla, hugur - hönd - heilbrigði þar sem m.a er lögð áhersla á að nemendur þjálfir verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir sínar. Stuttir fyrirlestrar við upphaf verkefna, sýnikennsla, einstaklings leiðsögn, verklegar æfingar.

Námsefni: Tölva og internet, fagbækur af öllu tagi auk fjölbreyttra verkefna frá kennara. Uppskriftir, snið og verkefnablöð.

Námsmat: Námsmat byggir á markmiðum í skólanámskrá/Aðalnámskrá grunnskóla, þar sem lagt er mat á hvort nemandi hafi náð settum markmiðum auk annara þátta, og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á vinnuferli, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, umgengni, og framkomu auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn.

Kennari: Soffía Margrét Hafþórsdóttir